

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2017

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sölu ríkiseigna, lækkun skulda ríkissjóðs og fjárfestingu í innviðum, Þingskjal 146 — 88. mál

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Bankasýslu ríkisins við framangreinda tillögu til þingsályktunar, þar sem lagt er til að fjármála- og efnahagsráðherra skipi nefnd til að vinna að langtímaáætlun um sölu ríkiseigna, lækkun á skuldum ríkissjóðs og fjárfestingu í innviðum.

Bankasýsla ríkisins tekur undir markmið þingsályktunarinnar um mótun langtímaáætlunar um sölu ríkiseigna og lækkun á skuldum ríkissjóðs. Þannig kemur m.a. fram í skýrslu stofnunarinnar frá 8. janúar 2016 („Eignarhald og sala á Landsbankanum hf.: Stöðuskýrsla varðandi fyrirhugaða sölumeðferð“), að sala ríkissjóðs á eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum „*geti verið árangursríkasta leiðin til að grynka á skuldum ríkissjóðs.*“ Þar kemur einnig fram að „*[m]eð lækkun skulda skapast svigrúm til hækkunar á lánsþæfismati, bæði á skuldbindingum í innlendri og erlendri mynt. Hækkun á lánsþæfismati ríkissjóðs í kjölfar skuldalækkunar mun líklega hafa tvenns konar áhrif. Annars vegar að lækka ávöxtunarkröfu á skuldabréfum ríkisins í erlendri mynt og fjármagnskostnað þess í framtíðinni. Hins vegar að hækka lánsþæfismat íslenskra félaga eins og viðskiptabankanna þriggja. Þar sem alþjóðlegir fjármálamarkaðir miða ávöxtunarkröfu á skuldabréf banka og fyrirtækja út frá ávöxtunarkröfu skuldabréfa ríkissjóðs viðkomandi lands munu þessir þættir saman geta leitt til lækkunar á fjármagnsskostnaði íslenskra lántakenda á alþjóðlegum markaði í framtíðinni. Getur því sala á eignum ríkissjóðs, þar sem andvirðið er nýtt til greiðslu skulda og/eða skuldbindinga, haft mjög jákvæð áhrif á allt efnahagslíf í landinu.*“

Ríkissjóður Íslands hefur mikla fjárhagslega hagsmuni vegna eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2015 nam bókfært virði eignarhluta í Arion banka hf. (13,0%), Íslandsbanka hf. (5,0%) og Landsbankanum hf. (98,2%) samtals 163,4 ma.kr., eða 16,2% af samtals eignum A-hluta ríkissjóðs þann 31. desember 2015. Til samanburðar nam bókfært virði eignarhluta breska ríkisins í The Royal Bank of Scotland Group plc. og Lloyds Bank plc. samtals 3,2% af heildar eignum breska ríkisins þann 31. mars 2015. Bankasýsla ríkisins áætlar hins vegar að eftir framlagningu á 95% hlut Glitnis hf. í Íslandsbanka í formi stöðuleikaframlags til íslenska ríkisins (ásamt öðrum eignum fjármálafyrirtækja í slitameðferð) gætu eignarhlutir í viðskiptabönkunum þremur numið fjórðungi af eignum A-hluta ríkissjóðs. Að teknu tilliti til stöðuleikaframlagsins áætlar stofnunin að hlutur ríkissjóðs í eigin fé hluthafa viðskiptabankanna þriggja hafi í árslok 2015 samsvarað 32,0% af opinberum skuldum á sama tíma og 21,9% af vergri landsframleiðslu (VLF) þess árs. Til samanburðar samsvaraði hlutur

ríkissjóðs í öllu eigin fé hluthafa Búnaðarbanka Íslands hf., Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Landsbanka Íslands hf. í árslok 1997 samtals 3,6% af VLF þess árs.

Upphaflegt hlutafjárframlag ríkissjóðs til viðskiptabankanna að fjárhæð 138,2 ma.kr. var greitt með ríkisskuldabréfum í floknum RIKH 18 1009. Vextir skuldabréfanna eru nú 4,75%, en þeir miðast við vexti á viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabanka Íslands. Í árslok 2016 nam hlutur ríkissjóðs í eigin fé hluthafa viðskiptabankanna þriggja hins vegar 452,2 ma.kr. Er því töluverður munur á vaxtakostnaði og fórnarkostnaði ríkissjóðs vegna fjárbindingar í hlutabréfum í fjármálafyrirtækjum.

Samkvæmt lögum nr. 88/2009 og lögum nr. 155/2012 hefur Bankasýsla ríkisins umsýslu með eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum og gegnir frumkvæðishlutverki við sölu þeirra. Í ljósi fyrirhugaðra verkefna nefndarinnar, lögbundins hlutverks Bankasýslu ríkisins og umfang eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum lýsir stofnunin sig reiðubúna að taka beinan eða óbeinan þátt í starfsemi fyrirhugaðrar nefndar, þannig að nefndin nái að skila áfangaskýrslu og lokaskýrslu innan tilsettra tímamarka.

Virðingarfyllst,

Lárus L. Blöndal, formaður stjórnar

Jón G. Jónsson, forstjóri